

Umhverfisstofnun

B.t Forstjóra

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Athugasemd við aukinni mengun á og yfirgangs á einkalandi.

Ég sem eigandi húsa og lands jarðarinnar Fellsenda sem liggur að iðnaðarsvæði á Grundartanga og er innan þýnningarsvæðis, geri ég athugasemd við vinnubrögð hreppsins og umhverfisstofnun við gerð deiliskipulags og útgefin leyfi er fara yfir landið Fellsenda. Það er ekki ásættanlegt að þetta geti gengið, að einhverjar stofnanir og hreppsnefndir geti ákveðið og leyft eitthvað sem þau hafa ekkert umboð né leyfi til að segja að það sé í lagi að menga ótakmarkað því þetta sé þýnningarsvæði. Svæði sem hvorki Hvalfjararsveit, UST né mengunarvaldar eiga. Gleymist bara að tala við mig eða? Eins og að það gleymdist að klára deiliskipulag fyrir þessa lóð sem er bara fyrir 60 þús tonn framleiðslu eftir mínum besta skilning samkv deiliskipulagi frá 1997 og er gildandi fyrir þetta svæði. En það er margt sem vantar uppá þó það verði afgreitt skipulag fyrir lóð Norðuráls. Afleiðingar sem verða af þýnningarsvæði og Hvalfjarðarsveit verði búinn að samþykkja í aðaldeiluskipulagi er til dæmis verknaður sem á eftir að klára að ganga frá við landeigendur. Hvenær verður gengið í það? Það er krafa mín að það verði gengið frá þessum málum áður en lengra er haldið. Haldi sveitarfélagið og UST áfram að samþykkja breytingar á deiluskipulagi og gefa út starfsleyfi án þess að klára þessi mál við lendeiganda mun sveitafélagið og UST baka sér frekari bótaskyldu gagnvart mér og öðrum.

Fellsendi fór inná þýnningarsvæði á einni nóttu. Ekki var látið vita einu sinni. Þetta las ég löngu seinna í skýrslu umhverfisstofnunar. Eru þetta ásættanleg vinnubrögð? Í skýrslum segir meðal annars að landbúnaður sé ekki æskilegur né aðrar nýttjar. reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði tekur bara á land utan þýnningarsvæðis.

Einnig geri ég athugasemd við að UST beri ekki hag íbúa þegar kemur að mengun og öðru sem tengist stóriðju. Eins og segir í tillöggunni hér að neðan hefur það verið í allavega 2 ár í röð að fyrirtæki fari yfir leyfileg mörk starfsleyfis og Umhverfisstofnun gerir ekkert nema gefa frest. Sólarhringsmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs (SO₂)fór 15 sinnum yfir gróðurverndarmörkum að Kríuvörðu árið 2012, en einungis er leyfilegt að yfirstíga þau mörk sjö sinnum árlega skv. reglugerð nr. 251/2002. Árið 2011 fór sólarhringsstyrkur SO₂ 21 sinni yfir gróðurverndarmörk.

Það er talað um tæknilegt fyrirkomulag reykhreinsivirkja sem ástæðu en þau hafa verið eins síðan þau voru byggð árið 1980 hjá Elkem. Það að Elkem hafi fengið frest til úrbóta svo það þurfi ekki að gera endurbætur er brotlegt því þeir sóttu um að hækka losun á mengun því þeir gætu ekki komist undir hana.

„Í ljósi þess að sólarhringsgildi SO₂ hefur farið oftar yfir viðmiðunarmörk en leyfilegt er samkvæmt reglugerð nr. 251/2002 hafa Norðurál og Elkem látið endurskoða loftdreifingarlíkan fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Samkvæmt útreikningunum er framlag Elkem ráðandi sem skýrist fyrst og fremst af tæknilegu fyrirkomulagi reykhreinsivirkja. Umhverfisstofnun hefur staðfest að SO₂ losun sem orsaki fráviks sé fyrst og fremst rakin til brennisteinstvíoxíðs frá reykhreinsivirki Elkem. Stofnunin gerir því engar kröfur til Norðuráls um úrbætur vegna þessa máls. Auk þess hefur Elkem fengið undanþágu frá ákvæðum um umhverfismörk fyrir SO₂ til 1. júlí 2016 eða þar til endurskoðun á íslenskum loftgæðareglugerðum verður lokið svo fyrirtækið þurfi ekki að fara út í ráðstafanir til að uppfylla ákvæði sem hugsanlega falla niður við endurskoðun reglugerðanna“ Þegar lesið er um t.d flúor mengun hljóma þessar setningar ansi oft. Marktæk breyting til hækkunar hefur orðið á styrk flúors í plöntuvef grasa og í laufi milli árána 1997 og 2012. Marktæk breyting til hækkunar hefur orðið á meðalstyrk flúors í kjálkabeinum lamba frá öllum vöktunarstöðum milli árána 1997 og 2012. Marktæk breyting til hækkunar er á meðalstyrk flúors í kjálkabeini fullorðins fjár frá öllum vöktunarstöðum milli árána 1997 og 2012. Tel ég vinnubrögð UST og Hvalfjarðarsveitar langt frá í að vera heilbrigðar og krefst ég þess að sest verði niður og fundin lausn á þessum málum ella verður ekki hjá því komist að gera það fyrir dómstólum

Gunnar Þór Gunnarsson.

Kt2802793319